

Listamannalaun árið 1966

LOKID er úthlutun listamanna launa fyrir árið 1966 og hlutu 126 listamenn laun að þessu sinni eða jafnmargir og í fyrra.

Úthlutunarnefndina skipuðu Sigurður Bjarnason ritstjóri (formaður), Halldór Kristjánsson bóndi (ritari), Andrés Kristjánsson ritstjóri, Bjartmar Guðmundsson alþingismaður, Einar Laxness, cand. mag., Helgi Sæmundsson ritstjóri og dr. Þórir Kr. Þórðarson, prófessor.

Listamannalaunin skiptast þannig:

Veitt af Alþingi:

75 þús. krónur.

Gunnar Gunnarsson, Halldór Laxness, Jóhannes S. Kjarval, Páll Ísólfsen, Tómas Guðmundsson.

Veitt af nefndinni:

50 þús. krónur.

Ásmundur Sveinsson, Finnur Jónsson, Guðmundur Böðvarsson, Guðmundur Daniélsson, Guðmundur G. Hagalín, Gunnlaugur Scheving, Jakob Thorarensen, Jóhannes úr Kötlum, Jón Leifs, Júlíana Sveinsdóttir, Kristmann Guðmundsson, Ríkardur Jónsson, Svavar Guðna-

son, Þorvaldur Skúlason, Þorsteinn Jónsson (Þórir Bergsson), Þorbergur Þórðarson.

30 þús. krónur.

Arndís Björnsdóttir, Brynjólfur Jóhannesson, Elinborg Lárusdóttir, Guðmundur Frimann, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Hallgrímur Helgason, Hannes Pétursson, Haraldur Björnsson, Indriði G. Þorsteinsson, Jóhann Briem, Jón Björnsson, Jón Engilberts, Jón Nórdal, Jón Þórarinnsson, Karl O. Runólfsson, Kristján Davíðsson, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Sigurður Einarsson, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Þórðarson, Sigurjón Ólafsson, Snorri Hjartarson, Stefán Jónsson, Sveinn Þórarinnsson, Thor Vilhjálmsson, Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, Þorsteinn Valdimarsson, Þórarinn Jónsson.

20 þús. krónur.

Agnar Þórðarson, Ágúst Kvaran, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Baldvin Halldórsson, Björn Blöndal, Bragi Sigurjónsson, Eggert Guðmundsson, Einar Baldvinsson, Eyborg Guðmundsdóttir, Geir Kristjánsson, Gísli Halldórsson,

Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðrún frá Lundi, Gunnar M. Magnúss, Hafsteinn Austmann, Halldór Stefánsson, Heiðrekur Guðmundsson, Jakob Jóh. Smári, Jakobína Sigurðardóttir, Jóhann Ó. Haraldsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Jón Dan, Jón Helgason prófessor, Jón Óskar, Jón úr Vör, Jónas Arnason, Jökull Jakobsson, Karen Agnete Þórarinnsson, Kristinn Pétursson listmálari, Kristján frá Djúpalek, Magnús Á. Arnason, Nína Tryggvadóttir, Ólöf Pálsdóttir, Óskar Aðalsteinn, Ragnar H. Ragnar, Ragnheiður Jónsdóttir, Sigurjón Jónsson, Skúli Halldórsson, Stefán Júlíusson, Valtyr Pétursson, Veturlíði Gunnarsson, Þorgeir Sveinbjarnarson, Þorleifur Bjarnason, Þoroddur Guðmundsson, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Örlögur Sigurðsson.

15 þús. krónur.

Alfreð Flóki, Ásgerður Búa-dóttir, Einar Bragi, Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli, Eiríkur Smith, Eyþór Stefánsson, Fjölur Stefánsson, Gísli Ólafsson, Guðmunda Andrésdóttir, Gunnfríður Jónsdóttir, Hjálmar Þorsteinsson frá Hofi, Hjörleifur Sigurðsson, Hrólfur Sigurðsson, Ingólfur Kristjánsson, Jakob Jónsson, Jóhann Hjálmarsson, Jón S. Jónsson, Jörunn Viðar, Karl Kvaran, Kári Eiríksson, Kristbjörg Kjeld, Margrét Jónsdóttir, Oddur Björnsson, Rósberg G. Snædal, Steingrímur Baldvinsson, Steinþór Sigurðsson, Sveinn Björnsson, Sverrir Haraldsson listmálari, Vigdís Kristján-dóttir.

- VATNSSKORTUR

(Framhald af blaðsíðu 1.)
þeim úrræðum, sem duga.

Akureyringar verða nú að horfast í augu við kostnaðarsamar framkvæmdir í vatnsveitumálum. Þverrandi neyðslu-vatn og vaxandi þarfir knýja á, að leitað sé nýrra leiða og hefur Vatnsveitan aflað sér ýmissa gagna að undanfögnu og gert áætlanir um nýja, fullkomna vatnsveitu. Tveir staðir koma fyrst og fremst til greina, sem vatnsgjafir, Þverá og Glerá. Á Þveráreyrum fæst gott vatn, samkvæmt tilraunum, sem þar hafa farið fram með borun. Þangað eru um 9 km. Glerá þarf ekki að kynna fyrir bæjarbúum, því hún rennur um bæinn. En vatnið í Glerá er enginn heilsudrykkur, nema það fari fyrst í gegn um hreinsunarstöð. Enn er beðið eftir tæknilegum upplýsingum varðandi væntanlega vatnsveitu, og eflaust verður hafizt handa um framkvæmdir, jafnskjótt og þær liggja fyrir og „vatnsból“ hefur verið valið.

Að síðustu vill blaðið hvetja bæjarbúa til að líta á vatnið eins og önnur verðmæti, sem nota ber með fullri gát svo það nægi öllum.

ALMANNATRYGGINGAÞÆTTIR

- 2 -

Stjórn og skipulag

Almannatryggingalöggjöfin fjallar um tryggingar, sem skipt er í þrjá flokka: Lífeyrstryggingu, sjúkratryggingu og slysatryggingu. Tryggingastofnun ríkisins í Reykjavík annast lífeyrstrygginguna og slysatrygginguna og hefur með höndum umsýðing og yfirstjórn sjúkratryggingarinnar, sem sjúkrasamlögin annast hvert á sínu svæði. Forstjóri Tryggingastofnunarinnar er skipaður af félagsmálaráðherra. Ráðherrann skipar einnig skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðstoðartryggingalækni, deildarstjóra og aðalgjaldkera stofnunarinnar. Eins og þessi upptalning yfirmanna ber vott um, er hér um all fjölmenna ríkisstofnun að ræða. Fimm manna tryggingaráð kosið á Alþingi (formaður stjórnskipaður úr hópi hinna þingkjörnu) hefir eftirlit með stofnuninni. Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið, og ýmsar aðrar ákvarðanir eru háðar samþykki þess. Forstjóri Tryggingastofnunarinnar er nú Sverrir Þorbjörnsson hagfræðingur, en í tryggingaráði eru: Vilhjálmur S. Vilhjálmsson rithöfundur (formaður), Ásgeir Bjarnason alþm. Bjarni Bjarnason fyrrv. skólastjóri og alþm., Gunnar Möller

hæstaréttarlögmaður og Kjartan Jóhannsson læknir fyrrv. alþm. Það er kosið að loknum alþingiskosningum hverju sinni. Sýslumenn og bæjarfógetar eru umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar utan höfuðborgarinnar, og annast þeir eða þeirra staðgöngumenn innheimtu og bóta greiðslur fyrir hana hver í sínu umdæmi.

Yfirleitt er sérstakt sjúkrasamlag í hverjum kaupstað eða hreppi, en sumsstaðar tekur þó sjúkrasamlag yfir meira en einn hrepp. Í hverju samlagi er þriggja eða fimm manna stjórn, formaður skipaður af félagsmálaráðherra, en hinir kosnir af hlutadeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum. Auk þess starfa héraðssamlög í sýslu hverri sem tengiliður milli hreppasamlaganna og hafa með höndum tiltekna þætti starfseminnar. Sýslumaður er þar stjórnarformaður en aðrir stjórnarmenn kosnir af sýslunefnd.

Þennan þátt og þá þætti, er síðar verða birtir, hafa þeir Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri og Guðjón Hansen tryggingafræðingur lesið yfir fyrir mig í handriti og fært ýmislegt til betri vegar. Kann ég þeim þakkir fyrir.

Framhald.

G. G.

ÁRIÐ 1965 MARKAÐI TÍMAMÓT Í BARÁTTUNNI VIÐ ÓLÆSI

LÍTA MÁ SVO Á, að árið 1965 hafi valdið hvörfum í baráttunni gegn ólæsi í heiminum. Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hafði sett sér það höfuðmarkmið, að vinna bug á hinum gifurlegu vandamáli fræðslukerfanna í vanþróðum löndum. Ráðstefna mennta- og kennslumálaráðherra hvaðanæva úr heiminum var haldin í Teheran, og var umræðuefnið ólæsi. Það var einnig umræðuefnið á 28. alþjóðaráðstefnunni um almenn kennslumál í Genf. Hin nýstofnaða áætlunarstofnun menntamála í París framkvæmdi viðtækar rannsóknir á þessu sviði.

Í Afríku tók til starfa sextánda stofnunin til æðri menntunar kennara með fjárhagsaðstoð frá Framkvæmdasjóði Sameinuðu þjóðanna. UNESCO hélt áfram að styrkja svæðismiðstöð kennslumála, upplýsinga og rannsókna í Accra í Ghana, sömuleiðis lestrarbókagáfuna í Kamerún, tilraunirnar með nýjar kennsluáðferðir í Senegal og þróunarverkefnið í Kongó (Leopoldville) þar sem 35 sérfræðingar voru að starfi. Auk þess hóf UNESCO skrásetningu á stafrófum afrískra tungumála.

Í Asíu komu kennslumálaráðherrarir saman til nýrrar ráðstefnu að lokinni alheimsráðstefnunni og gengu frá áætlunum um kennslumál fyrir næstu 15 ár. Svæðismiðstöðvar kennslumála á vegum UNESCO í Bangkok og Nýju Delhi fengu aukinn fjárhagsstuðning á árinu.

Í Rómönsku Ameríku var (Framhald á blaðsíðu 5).

Bridgemót UMSE

ÚRSLIT í 2. umferð:

B-sv. umf. Svarfdæla — A-sv. Reynis 5:1.

A-sv. umf. Svarfdæla — A-sv. umf. Þorst. Svörf. 6:0.

B-sveit umf. Þorst. Svörf. — B-sv. umf. Reynis 5:1.

Úrslit í 3. umferð:

B-sv. umf. Svarfdæla — B-sv. umf. Þorst. Svörf. 4:2.

A-sv. umf. Þorst. Svörf. — B-sv. umf. Reynis 3:3.

A-sv. umf. Svarfdæla — Sv. umf. Skriðuhrepps 6:0.

Eftir þrjár umferðir standa stigin þannig milli efstu sveitanna:

B-sveit umf. Svarfdæla 14 stig.

A-sveit umf. Svarfdæla 13 stig.

Bsveit umf. Þorst. Svörfuðar 12 stig.

YFIRLIT

yfir kærur til bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyja-fjarðarsýslu árið 1965.

I. Sérreksilagabrot.

1. Ölvun á almannafæri	395
2. Ölvun í heimahúsum	12
3. Ölvun við akstur	46
4. Ólögleg meðferð áfengis	13
5. Umferðarslys og árekstrar	489
6. Umferðarlagabrot:	
Of hraður akstur	105
Ólögleg staða bifreiða og brot á stöðvunarskyldu ..	345
Akstur án réttinda	14
Ólöglegur ljósaútbúnaður	23
Ofhleðsla bifreiða	11
Ótilgreint umfl.brot	38
	536
7. Lögreglusamþykktarbro (ýmiskonar)	17
8. Brot á friðunarlogum og ólöglega meðferð skotvopna ..	4
9. Landhelgisbrot	1
10. Tolllagabrot	2
11. Ýmis brot	6

II. Ýmsar sakadómsrannsóknir.

1. Rannsóknir vegna voveiflegs dauðdaga	5
2. Brunarannsóknir	16
3. Rannsóknir vegna vinnuslysa	9
4. Önnur slys	2
5. Barnaverndarmál	18
6. Lögræðissvipting	4
7. Niðurfelling lögræðissviptinga	1
8. Ýmsar rannsóknir	8

III. Hegningarlagabrot.

1. Líkamsárásir	15
2. Nyttjastuldur	4
3. Fjársvik	5
4. Eignarspjöll	27
5. Innbrot	15
6. Hnupl og þjófnaðir	33
7. Brot gegn valdstjórninni	2
8. Rangar sakagiftir	1
9. Skjalafals og ólögleg meðferð fundins fjár	1

Samtals 1687

Stöðumælasektir

928